



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

VIÐAUKI

við grunnlýsingu dagsetta 14. febrúar 2020

LSS040440 GB

(Handwritten signature)
(Handwritten signature)

1 ÁBYRGIR AÐILAR


1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 14. febrúar 2020 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS040440 GB til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland ehf.

Reykjavík, 24. febrúar 2020
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Kristinn Jónasson
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 14. febrúar 2020 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lög nr. 110/2007 um kauphallir. Í þessum viðauka vísar „Lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingu til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Vísad er í lið C.9 í Samantekt. Fyrsta málsgrein liðs C.9 breytist og skal framvegis hljóða svo: LSS040440 GB eru verðtryggð skuldabréf með jöfnum greiðslum tengd við dagvísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 17. febrúar 2020 sem er 471,43333 stíg.

Næstsíðasta málsgrein í lið C.9 breytist og skal framvegis hljóða svo: Á árinu 2020 fram til útgáfu lýsingar þessarar hefur Lánasjóðurinn gefið út skuldabréf í floknum LSS150434 að nafnvirði 2.540 m.kr á ávöxtunarkröfunni 1,52%. Þann 19. febrúar gaf Lánasjóðurinn út 1.870 m.kr. að nafnvirði í LSS150434 á ávöxtunarkröfunni 1,40%. Þann sama dag gaf Lánasjóðurinn einnig út í flokki LSS040440 GB á ávöxtunarkröfunni 1,35%.

Vísad er í grein 5.7 í grunnlýsingu, *Ítarupplýsingar um skuldabréfin*, undir liðnum *Útreikningur afborgana*: Afborgun höfuðstóls Sá liður breytist og skal framvegis hljóða svo:

Útreikningur afborgana:
Afborgun höfuðstóls

Á hverjum gjalddaga skal reikna afborgun af höfuðstól miðað við eftirfarandi förmúlu:

$$A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times h$$

þar sem :

A = Fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstólsins

r = c/2

c = Grunnvextir skuldabréfsins

h = Höfuðstóll skuldabréfsins

n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu

**Útreikningur afborgana:
Jafngreiðsluútreikningur
höfuðstólsgreiðslu**

k = Fjöldi greiddra afborgana af skuldabréfinu + 1 ($k = 0$ á útgáfudegi, $k = 1$ á fyrsta gjalddaga, o.s.f.r.v.).

Upphæð jafngreiðslufjárhæðar sem greiða skal á hverjum vaxtagjalddaga skal reikna á eftirfarandi veg:

$$P = \frac{r}{1 - (1 + r)^{-n}} \times IR \times d$$

þar sem:

P = Jafngreiðslufjárhæð sem samanstendur af afborgun höfuðstóls, vaxta og verðtryggingar

$$r = c/2$$

c = Grunnvextir skuldabréfsins

d = Höfuðstóll skuldabréfsins

n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu

IR = Verðtryggingarstuðull